

Mál nr. 141/2019**M og
V vegna slysaftryggingar launþega hjá A****Deilt um bótaskyldu úr slysaftryggingar launþega vegna banaslyss.****Gögn.**

Málskot, móttækið 10.04.2019, ásamt fylgiskjölum 1-7.

Bréf V, dags. 30.04.2019.

Málsatvik.

Aðfararnótt hins 7. febrúar 2017 lést sonur M, X, í kjölfar brennisteinsmengunar, en vegna bilunar í borholukerfi á svæðinu barst brennisteinsvetni með neysluvatnslögnum í húsnæði í eigu A þar sem X hafðist við. Fyrir nefndinni er ekki deilt um atvik þess slyss, en M gera kröfur um bætur úr slysaftryggingu launþega á grundvelli þess.

Kröfu sína rökstyðja M með því að þau hafi haft framfæri af syni sínum, og framvísa yfirliti yfir bankamillifærslur því til stuðnings. Þá byggja M á því að hluti af starfsskyldum X hafi verið að hafast við í húsnæði A, enda hafi hann átt lögheimili annars staðar. Því hafi slysið átt sér stað í starfi X hjá A. V hafnaði kröfum M um bætur úr slysaftryggingu launþega, á grundvelli þess að X hefði ekki verið að störfum þegar slysið átti sér stað, með bréfi dagsettu 11. apríl 2018. M mótmæla þeirri afstöðu og telja V leggja of þröngan skilning í vinnutímahugtakið, og áréttu að ekki hafi verið lagður fram húsaleigusamningur sem sýni fram á að X hafi haldið heimili í húsnæðinu. Því verði að líta svo á sem viðvera hans í húsnæðinu hafi verið hluti starfsskyldna hans, þ.e. að hafa eftirlit með verksmiðju A sem sé staðsett við hlið húsnæðisins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að í 1. kafla vátryggingarskilmála SP20 sem gilda um vátrygginguna komi orðrétt fram að „vátryggingin gildir fyrir launþega í starfi hjá vátryggingartaka“. Samkvæmt gögnum málsins sé ljóst að X hafi ekki verið kominn til starfa þegar slysið átti sér stað. Þá hafi M ekki sýnt fram á að það hafi verið hluti starfsskyldna X að hafast við í umræddu húsnæði, en samkvæmt A hafi hann búið þar í sex ár. Það að X hafi verið með lögheimili annars staðar breyti því ekki að ósannað sé að hann hafi verið að sinna starfsskyldum með búsetu sinni í húsnæði A, og hafi því slysið ekki átt sér stað í starfi hans eins og skilmálar vátryggingarinnar geri ráð fyrir.

Álit.

Fyrir nefndinni liggja engin gögn, s.s. ráðningarsamningur eða vitnisburðir, er sýni fram á að það hafi verið hluti starfsskyldna X að hafast við í umræddu húsnæði eða sinna þar einhvers konar eftirliti eða næturvörslu. Því verður ekki fallist á að hann hafi verið að störfum, eða á vinnustað, er slysið bar að. Hins vegar verður ekki litið framhjá þeirri staðreynd að skráð lögheimili X var annars staðar og ekki hafa verið lögð fram nein gögn er sýni fram á að hann hafi haft húsnæði A að leigu. Verður því að líta svo á að um viðlegustað í skilningi gr. 9.1.1 skilmála slysaftryggingar launþega hjá A hafi verið að ræða. Í gr. 9.1 er fjallað um bótaskyldu vátryggingar og segir þar að félagið greiði bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, og leiðir m.a. til andláts, í starfi hjá vátryggingartaka og á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Í gr. 9.1.1 er tekið fram að ef vátryggður hefur vegna starfa síns viðlegustað utan heimilis, komi viðlegustaður í stað heimilis. Verður því að líta svo á að X hafi verið vátryggður vegna slysa í starfi eða á leið til og frá vinnustað, og gildir þá einu hvort umrætt húsnæði telst hafa verið viðlegustaður hans eða heimili. Þar er andlát A bar að um nótt í umræddu húsnæði er ekki hægt að líta svo á að hann hafi verið á leið til vinnu. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfum M.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr slysaftryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.